

Trjáræktarstefna

Hafnarfjarðarbæjar 2021-2024



Hafnarfjarðarbær
umhverfis- og skipulagssvið
hafnarfjordur.is



Hafnarfjörður

Inngangur

Hafnarfjörður er grænn bær í þéttbýli, bær í örum vexti þar sem íbúum fjölgar með tilheyrandi stækkun íbúðar- og atvinnusvæða. Í slíkum vexti þarf að huga að hönnun almenningsrýma því nútímagarðar og -torg, hjóla- og gönguleiðir kalla á grænt skipulag.

Ímynd bæjarins lýtur að heildarútliti, sérkennum hans og fegurð ásamt því fólki sem í honum býr, og mikilvægt er að átta sig á hlutverki gróðurs í bænum og þeim jákvæðu áhrifum sem hann hefur jafnt á vistkerfi bæjarins, íbúa hans og gesti. Því falleg tré og gróður búa ekki einungis til fallega ásýnd, fallega götumynd, falleg rými og falleg torg, heldur skapa þau einnig fallegt og eftirsótt umhverfi sem er mikilvægt sem búsvæði fyrir fugla og annað dýralíf. Tré og gróður eru aðlaðandi vettvangur til afþreyingar, afslöppunar og hreyfingar og auka á upplifun þeirra sem dvelja í bænum. Þau draga úr svifryki, binda kolefni úr andrúmsloftinu og auka þannig loftgæði í þéttbýli. Þess vegna er mikilvægt að hafa tré og gróður sem hluta af skipulagi, sér í lagi þegar kemur að grænu skipulagi, ásamt því að hafa skýrar áherslur varðandi magn og val trjáa og annars gróðurs við hjóla-, göngu- og akstursleiðir og að hann sé sjálfbær hvað varðar viðhald og umhirðu.





Saga trjáræktar

Í Hafnarfirði

Saga trjáræktar í Hafnarfirði

Saga trjáræktar í Hafnarfirði er fremur stutt samanborið við aðrar borgir í Evrópu. Sagan segir að um 1865–1870 hafi Hans Adolf Linnet kaupmaður gróðursett reyniviðarsprotu bak við verslunar- og íbúðarhús sitt sem í dag stendur við Austurgötu 17 og 19. Sprotu þennan hafi hann sótt í svonefndan Óbrinnishólabruna og gróðursett bak við húsið að austanverðu. Girti hann vandlega utan um reitinn svo skepnur kæmust ekki að reyniviðarsprotanum. Þarna stóð reyniviðurinn í góðu skjóli, óx og dafnaði. Áhugavert er að nefna að í upphafi var stofninn ekki alveg beinn, óx hann í fyrstu nokkuð hallur en þegar hann hafði náð um eins metra hæð tók hann á sig hlykk og óx beinn upp.

Krónan á reyniviðnum var greinamikil og stór og gnæfði yfir húspökina og var rótin svo öflug að hún sprengdi sökkul hússins. Tré þetta stendur enn þann

dag í dag og er gjarnan nefnt Hansentréð. Á fyrri hluta 20. aldar jókst vitund almennings um menningu og umhverfi, fólk vildi láta gott af sér leiða og tóku ýmis ungmennafélög, kvenfélög og málfundafélög þátt í gróðursetningu og garðrækt. Dæmi um slíkt er Málfundafélagið Magni sem stóð fyrir slíku átaki og stofnaði meðal annars Hellisgerði árið 1923 sem markaði upphaf að trjárækt hér í bæ. Í kjölfarið er skógræktarfélag Íslands stofnað 1930.

Tré sem teljast til frumbyggja hér í bæ er til að mynda heggurinn við Siggubæ en honum var plantað 1913 og lerkitrén sem stóðu við suðurgaffl hússins voru gróðursett 1926. Heggurinn sem þar stendur er runnakennður og líklega rôtarskot af upprunalegu trénu. Óhætt er að segja að beykitrén og hrossakastaníurnar í Hellisgerði séu mjög merkileg þar sem þessi tegund er frekar sjaldgæf á Íslandi í dag. Það sama má segja um gráöspina sem stendur við Austurgötu en hún er um 90 ára gömul og mjög sjaldgæf tegund.



Tré og hlutverk þeirra

í þéttbýli

Almennar upplýsingar

Hvert tré hefur þrjú vaxtarskeið á hverju ári. Fyrsta vaxtarskeiðið hefst að vori áður en laufgunin sjálf á sér stað þar sem rótarkerfið stækkar og undirbýr laufgunina. Næst er það vaxtarskeiðið sjálft, ársprotar verða sýnilegir og orkan fer í lengdarvöxt. Síðasta vaxtarskeiðið á sér stað síðsumars þegar trén búa sig undir vetrardvalann en þá dregur verulega úr vexti þeirra, sprotar tréna og brum myndast.

Flutningur trjáa

Ekki er ráðlegt að flytja gömul barrtré þar sem þau þola almennt ekki vel flutning, og það sama á við um gömul lauftré. Hægt er að flytja yngri tré sem ekki hafa náð fullum vexti og þarf að undirbúa þau fyrir flutninginn hausti áður. Ekki er ráðlagt að flytja tré á vaxtarskeiði þar sem upptaka vatns og næringarefna stendur þá sem hæst. Allur flutningur trjáa og útplöntun eru best að hausti eða snemma vors en undirbúa skal flutning með að rótarskera að hausti og flytja tréd svo að vori en þá hafa nýir rótarendar myndast. Þá þarf að huga mjög vel að vökvun og áburðargjöf ef gróður er settur niður á vaxtarskeiði.

Götutrén í Hafnarfirði

Götutré geta haft sterk áhrif á götumyndina, einkum þau sem þegar eru fullvaxin. Í Hafnarfirði má finna fallegar raðir trjáa meðfram götum eins og við Strandgötuna, meðfram Reykjavíkurvegi og í átt að Víðistaðakirkju ásamt gömlum og virðulegum trjám í gamla bænum. Tré þessi eru mismunandi eftir tegund, hafa mismunandi útlit og tilgang, þau standa einnig stakstæð og þeim er oftast en ekki plantað á svæðum þar sem yfirborðið er hellur eða malbik.

Það felst mikil áskorun í að velja tré inn í þéttbýlt borgarumhverfi þar sem plássíð er minna og kallar á flóknari tæknilegar úrlausnir. Jarðvegurinn er oftast en ekki orðinn súrefnislaus og samanþjappaður og þá geta nýframkvæmdir, streita og mengun einkennt tré í borgum og bæjum meira en þau sem standa á opnum svæðum. Tré í borg eru langt frá sínum upprunalega vaxtarstað og vistkerfi og þess vegna er mikilvægt að tryggja þeim góð lífsskilyrði þar sem þeim er ætlað að standa.

Trjábelti og trjáþyrpingar (hópútplöntun)

Trjábelti og þyrpingar hafa það að meginmarkmiði að skapa skjól og rými. Slík trjábelti innihalda blöndu af mismunandi trjátegundum af runnum og smávöxnum trjám. Þeim er gjarnan plantað þannig að þau myndi þéttar raðir af 3–5 tegundum og mynda mikinn massa. Dæmi um slíkt eru grenibelti meðfram efri hluta Hringbrautar í Reykjavík og trjábeltið við Álfaskeið, meðfram Reykjanesbraut.



Mynd 3 Götutré við Strandgötuna í Hafnarfirði.

Trjáraðir – allé

Trjáraðir á við um þegar einni tegund trjáa er plantað niður þannig að þau standa á móti hvert öðru. Trjáröðinni er ætlað að leiða athyglina að ákveðnu sjónarhorni þar sem tilgangurinn er að mynda ákveðinn upphafs- og endapunkt. Slík röðun trjáa er ekki svo ólík súlnagöngum, hún veitir umhverfinu fagra ásýnd og er yfirleitt notuð ein og sér þar sem notast er við ákveðið stofntré.



Mynd 4 Dæmi um trjágöng – allé.

Tré við opinberar stofnanir og á einkalóðum

Tré sem standa við opinberar stofnanir og við einkalóðir setja mark sitt á bæjarumhverfið. Mörg þeirra hafa staðið lengi, eru tignarleg og bera aldur sinn vel. Oft má sjá sjaldgæfar tegundir í einkagörðum eins og blóðhegg, blóðbeyki og ask. Almenn hefur þessum trjám verið plantað vegna fagurfræðilegra sjónarmiða, þau eru orðin hluti af heildarmyndinni og auka á upplifun á hjóla- og göngustígum og gefa götumyndinni oft fallega ásýnd. Tré og fallegur gróður á opinberum stöðum eru til að mynda í hraunbreiðunni við Lækjarskóla sem gefur byggingunni fallegan svip.



Mynd 5 Tré og gróður við Lækjarskóla í Hafnarfirði.

Tré á opnum svæðum og í almenningsgörðum

Tré á opnum svæðum og í almenningsgörðum eins og í Hellisgerði, á Víðistaðatúni eða í kirkjugarðinum hafa meira rými og betri jarðveg en tré sem standa í miðbænum. Þau standa þéttar saman og í þyrpingum og geta undirstrikað bæði notagildi og fegurð landsins, eða landslagshönnun þar sem ákveðin hugmyndafræði liggur að baki. Þetta eru þeir staðir þar sem íbúar bæjarins leita sér hvíldar í dagsins önn.



Mynd 6 Trjábelti við Víðistaðatún.

Hafnarfjörður er heilsueflandi bær og þarf því að vanda til verks þegar kemur að því að auka gróðursetningu í því skyni að bæta upplifun og loftgæði innan bæjarinnar. Dæmi um fagurfræðilega upplifun tengjast t.d. árstíðaskiptum, skynjun og samveru og hagnýtt notagildi dregur m.a. úr vindi, hávaða og mengun eins og lýst er í töflu 1.

Hverfisvernd, eldri og virðuleg tré

Í Hafnarfirði eru til þónokkur tré sem eru merkileg vegna aldurs og tegundar eins og fram kemur í yfirferð Steinars Björgvinssonar í sögu trjáræktar hér á undan.

Tré Trjám sem hafa menningarlegt gildi þarf að gefa sérstakan gaum og mikilvægt er að þau hljóti verndun eins og fram kemur í samþykkt um friðun og verndun trjágróðurs í Hafnarfirði sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 3. febrúar 2009. Hið lagalega umhverfi gerir ráð fyrir því að ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruvinnur, náttúruvifar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um eiginlega friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skuli setja ákvæði um hverfisvernd í viðkomandi skipulagsáætlun. Dæmi um slíkt er silfurreynirinn í Fógetagarðinum í Reykjavík sem sýndur er á mynd 7. Því stakstætt tré getur verið menningarsögulegur vitnisburður, sem slíkt getur það verið fulltrúi ákveðins tímabils í ræktunarsögu landsins og getur haft mikið menningarlegt gildi, að það sé þess virði að það hljóti vernd.

Ekki virðist vera í núgildandi lögum um menningarminjar, lögum um náttúruvernd, skipulagslaga og frumvarpi (2019) til laga um skóga og skógrækt stoð til að friðlýsa, vernda né hirða um stök tré eða trjáþyrpingar. Hugmyndir hafa aftur á móti verið á lofti um að bæta þurfi við nýrri grein í lögum um menningarminjar sem tæki til trjáverndar af menningar- og ræktunarsögulegum ástæðum, sem gæti leitt til frekari friðunar trjáa.



Mynd 7 Silfurreynir í Fógetagarðinum í Reykjavík.

Fagurfræðileg upplifun

Árstíðaskipti

Aukið rými

Fagurfræði

Friður og ró

Leikur og tengslamyndun

Manneskjulegur kvarði

Náttúrupplifun

Skynjun

Samvera

Hagnýtt notagildi

Eykur á umferðaröryggi

Dregur úr mengun

Dregur úr hávaða

Dregur úr vindi

Hindrar innsýn

Minna viðhald

Plantað þétt

Skjólmyndun

Óskilgreind tré

Tré sem eru óskilgreind eru tré sem hafa ekki sýnilegan tilgang, búa ekki til skjól, mynda ekki afmörkun og standa of gisið.

Starfshópur

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 15. júní 2020 var tekin ákvörðun um að setja saman starfshóp til að móta skýra stefnu um tré og annan gróður fyrir Hafnarfjörð. Ákvörðunin var tekin út frá bókun sem lögð var fram á fundi ráðsins 3.6.2020 þar sem lagt var til að Hafnarfjarðarbær myndi móta skýra stefnu um bæjartré, staðsetningu trjáa í bænum, hvaða tegundir henta á hverjum stað og forgangsröðun ræktunarsvæða. Til hliðsjónar var bent á stefnu sem Reykjavíkurborg hefur mótað um trjárækt innan borgarinnar. Lagt var til að stefnan yrði hluti af Umhverfisstefnu Hafnarfjarðarbæjar, liður nr. 6.7, við næstu endurskoðun hennar. Einnig var bent á kosti trjáræktar í þéttbýli þar sem þau grípa svifryk, draga úr umferðarhraða, auka skjól og bæta þar af leiðandi veðurgæði. Starfshópurinn samanstendur af: Þóreyju S. Þórisdóttur, Helgu Björgu Arnardóttur og Berglindi Guðmundsdóttur. Starfshópurinn var samróma um að tryggja þyrfti að tré og græn svæði hefðu forgang, bæði með því að skrásetja og greina eldri græn svæði og skrásetja heilbrigði allra trjáa ásamt því að meta hvaða tegundir henta á hverjum stað.

Skrásetningin og fyrri reynsla gæti nýst við að koma með tillögur að úrlausnum. Þá telur starfshópurinn nauðsynlegt að stefna þessi fylgi með við skipulag nýrra hverfa til að tryggja græn svæði og að í upphafi hönnunarferlisins séu tilgreind tré og gróður sem hentar því svæði upp á hagnýt, fagurfræðileg og sjálfbær gildi. Það er von starfshópsins að trjáræktarstefna þessi sé skýr og auðveld aflestrar, að hún auki áhuga og hvetji almenning til þess að taka þátt í þessu verkefni.

Heimildaöflun starfshópsins

Fyrir liggja samantektir og efni sem hefur nýst vel við stefnumörkunina. Þar má nefna skýrslu Berglindar Guðmundsdóttur um:

- Götutré í miðbæ Hafnarfjarðar – hvaða tré á að velja? – samantekt sem gerð var af BG fyrir umhverfis- og framkvæmdaráð 2020.
- Ræktun götutrjáa í þéttbýli og val á tegundum eftir Samson Bjarnar Harðarson og Steinunni Garðarsdóttur, gefin út af Yndisgróðri 2016.
- Samþykkt um friðun og verndun trjágróðurs í Hafnarfirði sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 3. febrúar 2009.
- Upphaf trjáræktar í Hafnarfirði, eftir Berglindi Guðmundsdóttir, ritgerð skrifuð 1987 í Garðyrkjuskóla ríkisins.
- Trjágróður og skipulag, nýting gróðurs í skipulagi. Teiknistofan Storð.
- Stefna í trjáræktarmálum sem gefin var út árið 2013 af starfshópi skipuðum af Reykjavíkurborg.
- Københavns Kommunes Træpolitik 2018–2025. Gefið út af Københavns Kommune, Teknik- og miljøforvaltning í nóvember 2018.
- Tré í Hafnarfirði sem hafa á einhvern hátt sérstakt gildi vegna ræktunarsögu, stærðar, vaxtarlags, tegundar og þessháttar, samantekt eftir Steinar Björgvinsson sem skrifuð var um 2003.

Stefnumörkun og markmið

Megininnihald stefnunnar er heilbriggt tré á réttum stað.

Fegurð bæjarins

Ásýnd og fegurð bæjarins er undirstrikuð með fallegum gróðri á réttum stöðum. Mikilvægt er að fara yfir tegundaval og að það miðist út frá staðsetningu hverju sinni, að gerð sé viðhaldsáætlun til fjögurra ára og regluleg úttekt sé gerð til að meta árangur.

Bætt lífsgæði

Aðgangur að grænum svæðum í þéttbýli eykur lífsgæði, þau draga að sér fólk og fjölbreytt dýralíf. Mikilvægt er að þau séu aðgengileg og hönnuð eða útfærð með það í huga að þarna komi fólk saman til að njóta og upplifa náttúruna. Fallegur gróður með heilbrigðum og fallegum trjágróðri veitir bæði skjól og stuðlar að aukinni útivist og þar með að bættri lýðheilsu.

Aukin ræktun

Með aukinni ræktun á trjám eru aukin lífsgæði styrkt enn frekar auk þess að efla græna ímynd og ásýnd Hafnarfjarðarbæjar. Aukin ræktun bætir loftgæði og veitir betri veðurskilyrði. Markmiðið er að 20% af bæjarlandinu sé þakið trjákrónum.

Fjölbreytni

Reynslan hefur sýnt það í gegnum tíðina að hægt er að auka fjölbreytni í tegundavali og má þar nefna dæmi um hvernig úrval blómstrandi trjáa og runna hefur sannað gildi sitt ásamt berjarunnum og ávaxtrjám í þéttbýlu bæjarlandinu. Á náttúrusvæðum eins og t.d. í upplandi Hafnarfjarðar eru aðrar áherslur, en þar er plantað þétt erlendum og innlendum tegundum, bæði til þess að styrkja og auka líffræðilegan fjölbreytileika og að búa til fjölbreyttan

útivistarskóg ásamt því að ríma við það landslag sem er til staðar og styðja við staðbundinn gróður.

Lífsskilyrði

Huga þarf að lífsskilyrðum trjáa og runna þegar þeim er plantað og að valin sé rétt tegund hverju sinni út frá staðsetningu, undirlagi og vaxtarskilyrðum.

Umhirða og viðhald

Umhirða og viðhald grænna svæða er ekki síður mikilvægt en útplöntunin sjálf. Að planta tré er ekki nóg, það þarf að huga að viðhaldi því að það er soun á fjármagni, vinnuframlagi og náttúrauðlindum að gróðursetja tré án þess að því fylgi áætlun um hvernig umhirðunni skuli háttað. Mikilvægt er að skipta bænum niður í umhirðuflokka og vinna samkvæmt umhirðuviðmiðum. Svæði sem þurfa minni umhirðu og viðhald þarf að hanna með það í huga að útplöntunin verði sjálfbær á sem víðtækastan hátt til að viðhald verði sem minnst. Við stór gróðurbelti meðfram stofnbrautum eða á stærri svæðum verði áhersla lögð á massaútplöntun þar sem hæstu trén eru gróðursett fyrir miðju beltisins. Þannig dregur trjábeltið verulega úr vindi, getur bæði hindrað innsýn og aukið útsýnisvinkla og upplifun þeirra sem fara um svæðið.

Sjálfbærni

Megingrunnstoðir sjálfbærrar þróunar eru vistfræðilegir, félagslegir og efnahagslegir þættir og kalla á heildarsýn til lengri tíma litid um þau skref sem þarf að stíga til að viðhalda sjálfbæru ástandi til umbóta hvað varðar græn svæði hér í Hafnarfirði. Með því að auka sjálfbærni í ræktun gróðurs og trjáa er stuðlað að ákveðnu jafnvægi í vistkerfi okkar Hafnfirðinga fyrir komandi kynslóðir. Mikilvægt er að allt verklag taki mið af náttúruvernd og notagildi þegar kemur að hönnun og framkvæmd við gerð gönguleiða og áningarstaða. Einnig þarf að tryggja góða lýsingu



Mynd 8. Öldungurinn í Hellisgerði.

á þeim svæðum sem og við helstu gönguleiðir bæjarbúa.

Skipulagsáætlanir

Það er mikilvægt að trjáræktarstefnan skili sér inn í skipulagsáætlanir á öllum stigum skipulags og unnið sé út frá þeirri hugmyndafræði sem fram kemur í þessari stefnu.

Fræðsla.

Aukin fræðsla eykur þekkingu og upplifun fólksins í bænum og stuðlar þannig að umræðu um val trjáa og gróðurs, vöxt og vaxtarskilyrði til að forðast að tré séu felld þegar þau fara að skyggja á útsýni og sól við íbúðarhús.

Friðun

Gera þarf tillögu að friðlýsingu og verndun trjáa. Dæmi um tré sem mætti friða eða vernda eru beykið í Hellisgerði og gráöspin á Austurgötu.

Hverfisvernd

Gera þarf tillögu um tré sem þarf að varðveita.

Það ferli þarf að vera unnið í tengslum við skipulagsgerð. Dæmi um tré sem mætti varðveita er hlynurinn á Hverfisgötu, síberíulerkið á Kirkjuvegi og vesturbæjarvíðirinn við Háabæ (horni Reykjavíkurveggar og Skúlaskeiðs)

Tré ársins

Táknræn eða samfelld röð trjáa sem hafa sérstaka merkingu í götumyndinni, á torgi, í almenningseða einkagarði geta orðið tré ársins. Dæmi um slík tré er heggurinn á Brekkugötu, fjallagullregn í Hellisgerði, blæösp í Kirkjugarðinum eða kirsuberjatrén á Hringbraut.

Öldungarnir

Öldungarnir eru tré sem oftast eru á náttúrusvæðum og hafa mikið líffræðilegt, sögulegt og fagurfræðilegt gildi. Þar eru búsvæði fyrir dýr og plöntur og trén eiga sér sögu sem spannar margar kynslóðir. Dæmi um slík tré eru beykið í Hellisgerði og döglingaviðurinn í sama garði.

Framkvæmdaáætlun

aðgerðir og nánari útfærsla á framkvæmd

Með framkvæmdaáætlun þarf að kortleggja allt bæjarfélagið í heild sinni, skipta því síðan niður eftir hverfum, taka svo hvert og eitt hverfi fyrir, greina það og koma með tillögur að úrbótum. Dæmi um úrbætur gætu, til að mynda, miðast við að auka á skjól, búa til þétt trjábelti á milli íbúðarbyggðar og iðnaðarsvæða, auka eða hindra sýn með því að hanna gróðurbeltið með það í huga að það myndi útsýnisvinkla og stefnur og geti þar með aukið á upplifun við göngu- og hjólaleiðir.

Framkvæmdaáætluninni er einnig ætlað að taka á frekari greiningu um ástands gróðurs í mismunandi hverfum bæjarins. Sum hverfi eru fullbyggð með gömlum og tignarlegum trjám sem kalla ekki eftir miklum úrbótum á meðan önnur hverfi þurfa meira aðhald og viðhald. Einnig er þörf á að greina hvort tegundaval trjáa og gróðurs henti á viðkomandi stað, hvort mikið sé um skemmdir og hvort trén og gróðurinn þrífist vel á tilteknu svæði eða ekki. Þá þarf einnig að skoða hvar eigi að skipta út og hvar

eigi að planta nýjum trjám og gróðri. Útfærsla á framkvæmd þarf einnig að taka til nýrra grænna svæða í nýjum hverfum, sem nú eru í uppbyggingu. Þau svæði þurfa að fá faglega meðhöndlun úttekt og leggja hana fram sem fylgiskjal með skipulagi, svipað því sem gert er í dag við húsakönnun.

Þegar kemur að flokkun verðmætra trjáa sem hafa menningarlegt gildi þarf að skrá ástandsmat svæða, yfirlit og koma með tillögur fyrir aðgerðaáætlun. Þessi vinna hefur beina tilvísun í: **Samþykkt um friðun og verndun trjágróðurs sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 3. febrúar 2009.**



Samantekt

Það er óhætt að segja að falleg tré gefi bænum fagra ásýnd, veiti skjól fyrir veðri og vindum og bæti loftgæði bæjarbúa. Trén fanga svifryk og draga úr uppsöfnum koltvísýrings, þau auka kolefnisbindingu og huga þarf vel að valinu þegar velja á tré sem eiga að standa í tímans rás innan bæjarmarka Hafnarfjarðar. Það þarf að velja gróður sem þarfnast lítils viðhalds til að stuðla að sjálfbærni grænna svæða og fyrir svæði sem standa við helstu umferðaræðar bæjarins. Til að ná árangri með stefnu þessari þarf hún að fylgja með inn í skipulagsáætlanir nýrra hverfa þar sem leggja þarf fram áætlun um útplöntun, staðsetningu trjáa og gróðurs, hvaða tegundir eru líklegastar til að verða fyrir valinu og hverjar ekki, ásamt áætlun um hvernig viðhaldi skuli háttað.

Starfshópurinn telur mikilvægt að safna ítarlegum upplýsingum um aldur trjáa, hvaða kröfur eru gerðar varðandi jarðveg, tæknilegar útfærslur eins og vetrarskýli, uppbindingar, vökvun og klippingar og hvernig útplöntun skuli háttað. Þarna þarf að útfæra alla þætti sem snúa að trjám og gróðri faglega. Gera skal sérstakt fylgiskjal og láta það fylgja með í skipulagsáætlun hvers svæðis fyrir sig.

Til að stefnan gagnist sem best þarf að taka hana til endurskoðunar á fjögurra ára fresti og til að framfylgja henni þurfa markmið í framkvæmdaáætlun að vera tímasett í aðgerðaáætlun umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar.

Þá telur starfshópurinn mikilvægt að gerð sé sérstök viðhaldsáætlun þar sem lífsskilyrði trjáa verði skoðuð sérstaklega með tilliti til þess hvort þau hæfi aðstæðum á þeim svæðum sem þeim er ætlað að standa á um ókomna tíð. Starfshópurinn leggur áherslu á að efla þurfi þekkingu starfsmanna sem sinna viðhaldi og umhirðu trjáa bæjarins. Þá leggur hópurinn til að áætlun sé gerð um val á götutrjám, þau valin með tilliti til þess hvernig þau henti bæði til þróði og m.t.t. umferðaröryggis. Reglur og verkferlar þurfa að vera skýr varðandi niðurfellingu trjáa, útskiptingu og tilfærslu ef í ljós kemur að þau tré sem fyrir eru henta illa þar sem þau standa eða eru jafnvel ónýtt. Að lokum telur starfshópurinn mikilvægt að byrjað verði að meta eldri tré bæjarins út frá menningarlegu gildi og þeim í kjölfarið veitt vernd.

